**ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN FIMMTUDAGINN 29. JÚNÍ 2017 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

**Ásgeir Thoroddsen stjórnarformaður** Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Bjarni Þór Óskarsson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Bjarni tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykkta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru skráðir 55.625 sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 194.389.355.198. Á fundinn var mætt af hálfu 46 sjóðfélaga og farið með 1.266.316.144 atkvæða eða 0,65% heildaratkvæða.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

**1. Skýrsla stjórnar**

**Hér kemur ávarp formanns stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins.**

**Ásgeir Thoroddsen** sagði ársfundinn nú vera haldinn seinna en verið hefur. Ástæðan er sú að þann 19. mars sl. var tilkynnt um sölu Arion banka til svokallaðra vogunarsjóða. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins taldi rétt að seinka ársfundi með það að markmiði að upplýsingar fengjust fyrir ársfund um áform nýrra eigenda varðandi bankann sem áhrif gæti haft á rekstur og eignastýringu sjóðsins og rekstrarsamninginn við Arion banka. Stjórnin hefur fengið upplýsingar frá einum af eigendum bankans þess efnis að hann hafi engin áform um að gera breytingar á eignastýringu Arion banka sem gæti haft áhrif á eignastýringu Frjálsa lífeyrissjóðsins. Í framhaldinu ákvað stjórn sjóðsins í júnímánuði að undirrita nýjan rekstrarsamning við Arion banka eins og lengi hafði staðið til, þar sem m.a. var samið um að sjóðurinn greiði lægri hlutfallslega umsýsluþóknun til bankans fyrir rekstur og eignastýringu sjóðsins. Árleg umsýsluþóknun er áfram tvískipt. Annars vegar föst árleg krónutala, um 260 milljónir, sem breytist í hlutfalli við breytingu á launavísitölu og hinsvegar hlutfallsþóknun sem nemur 0,13% af hreinni eign sjóðsins. Á undanförnum árum hefur umsýsluþóknun sjóðsins lækkað sem hlutfall af eignum sjóðsins og er með nýjum rekstrarsamningi áfram stefnt á að hlutfallsleg þóknun sjóðsins lækki eftir því sem sjóðurinn stækkar.

Árið 2016 var erfitt ár í eignastýringu lífeyrissjóða. Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 9% á árinu og heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 8,3% mælt í íslenskum krónum en krónan styrktist um 16,6%. Þróun verðbréfamarkaða hafði óhjákvæmilega áhrif á ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins. Áhættuminni leiðir

sjóðsins skiluðu hærri ávöxtun á árinu en styrking krónunnar og lækkun innlendra hlutabréfa leiddu til þess að ávöxtun Frjálsa áhættu og Frjálsa 1 var neikvæð. Þessar leiðir hafa þó skilað hærri ávöxtun að meðaltali en Frjálsi 2 og Frjálsi 3 síðastliðin fimm ár. Árið 2015 var ávöxtunin aftur á móti mjög góð, t.d. skilaði Frjálsi 1 hæstu raunávöxtun frá árinu 2003. Það geta því orðið miklar sveiflur í ávöxtun yfir stutt tímabil en þær jafnast út á lengri tíma. Þess má geta að ávöxtun ársins 2017 hefur farið vel af stað.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá Frjálsa í lok árs 2016 voru tæpar 186 milljarðar. Sjóðurinn hefur stækkað mikið á undanförnum árum og hlutfallslega meira en aðrir lífeyrissjóðir landsins. Árið 2016 stækkaði sjóðurinn um 11,3 milljarða eða 6,5%. Sjóðurinn hefur fikrað sig upp lista yfir stærð lífeyrissjóða á undanförnum árum og var í lok árs 6. stærsti lífeyrissjóður landsins og stærstur allra frjálsra lífeyrissjóða. Að öllum líkindum er hann í dag 5. stærsti lífeyrissjóðurinn en eignir hans nú eru yfir 200 milljarðar.

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri sjóðsins og Haraldur Yngvi Pétursson sjóðsstjóri í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka munu hér á eftir kynna ársreikning sjóðsins.

Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar lækkaði á árinu eftir að hafa hækkað síðustu sex ár á undan. Staðan er þó áfram traust því eignir umfram heildarskuldbindingar voru í lok árs 1,9% og lækkaði um 3,2 prósentustig á milli ára. Breytingin skýrist af því að raunávöxtun var lægri en þau 3,5% sem miðað er við í tryggingafræðilegum forsendum og að teknar voru upp nýjar forsendur um mat á dánar- og lífslíkum í ljósi þess að meðalævi fer hækkandi. Við mat á skuldbindingum í árslok 2016 voru notaðar dánar- og lífslíkur byggðar á reynslu áranna 2010-2014 í stað áranna 2008-2011. Breyttar forsendur fela í sér að tryggingafræðilega staðan lækkaði um 2,5 prósentustig.

Ein helsta áskorun sjóðsins á undanförnum árum var eignastýring sjóðsins í fjármagnshöftum því það er nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta erlendis, fyrst og fremst til að ná betri áhættudreifingu. Á árinu 2016 heimilaði Seðlabanki Íslands lífeyrissjóðum að fjárfesta fyrir 85 milljarða kr. á árinu og var hlutdeild Frjálsa um 5,4 milljarðar kr. og nýtti sjóðurinn sér heimildina. Í mars 2017 var svo fjármagnshöftum lífeyrissjóða aflétt að fullu sem er fagnaðarefni. Frjálsi lífeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir að auka fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum jafnt og þétt á næstu árum.

Í janúar 2016 lækkaði stjórn sjóðsins vexti á lífeyrissjóðslánum, bauð upp á fleiri lánsform og gerði frekari breytingar á lánareglum til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Breytingarnar miðuðu að því að auðvelda sjóðfélögum fjármögnun og auka sveigjanleika þeirra við lántöku.

Óhætt er að segja að sjóðfélagar hafi tekið vel í breytingarnar. Ný lífeyrissjóðslán námu 9,4 milljörðum kr. og tífölduðust á milli ára. Í lok árs voru lánin tæp 7% af hreinni eign sjóðsins en voru um 2% í lok árs 2015.

Mikil umræða hefur verið á stjórnarfundum um þróun á sjóðfélagalánum sjóðsins. Stjórnin sá ekki fyrir þá gríðarlegu eftirspurn sem varð sem má m.a. rekja til samkeppnishæfra vaxtakjara, fjölbreyttra valkosta og ekki síst þeirrar hröðu þjónustu hjá rekstraraðila sjóðsins við að afgreiða lánin. Þau eru mikilvægur hluti af eignasafni sjóðsins því um skuldabréf er að ræða með langan meðallíftíma sem hentar vel fyrir eignasafn lífeyrissjóðs sem fjárfestir til langs tíma. Stjórn sjóðsins telur veitingu sjóðfélagalána mikilvæga þjónustu fyrir sjóðfélaga sem hún vill bjóða þeim til framtíðar. Lánin eru traustur fjárfestingarkostur fyrir sjóðinn með tryggingu í íbúðarhúsnæði lántaka en á sama tíma er rétt að hafa í huga að ekki er auðvelt að selja þau úr eignasafni sjóðsins. Miðað við þá eftirspurn sem er eftir lánum sjóðsins þá er ljóst að óbreyttu að hlutfall sjóðfélagalána mun fara yfir það hlutfall heildareigna sem stjórnin telur skynsamlegt að sé bundið í sjóðfélagalánum. Stjórnin er á þeirri skoðun að minnka þurfi ný lán til sjóðfélaga en bjóða samt upp á samkeppnishæf vaxtakjör. Leiðir til að minnka ný lán felast því aðallega í að lækka hámarksfjárhæðir lána, lækka hámarksveðhlutföll eða gera ríkari kröfur um skilyrði til að fá lánsrétt. Stjórnin hefur ekki ákveðið hvaða leið hún fer í þessum efnum en það mun skýrast seinna á árinu.

Samkvæmt SALEK samkomulagi aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og fleiri við Samtök atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 hækkaði mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð úr 8% í 8,5% af launum frá og með 1. júlí 2016. Mótframlagið mun skv. samkomulaginu hækka um 1,5% af launum þann 1. júlí 2017 og um 1,5% þann 1. júlí 2018 og verður þá 11,5%. Með 4% framlagi launþega verður heildariðgjaldið 15,5%. Unnið hefur verið að gerð lagafrumvarps þess efnis að lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hækki í takt við SALEK samkomulagið til að allir starfandi einstaklingar greiði sama iðgjald. Hjá sjóðfélögum sem greiða skylduiðgjald í Frjálsa lífeyrissjóðinn rennur öll hækkun á mótframlagi í frjálsa séreign sjóðfélaga sem er laus til útborgunar eftir 60 ára aldur.

Sjóðfélögum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði býðst frá 1. júlí nk. að greiða hækkun mótframlagsins í svokallaða tilgreinda séreign. Sjóðfélaga er heimilt að hefja útborgun á tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu þær dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri. Markmiðið með tilgreindri séreign er að bjóða sjóðfélögum upp á meiri sveigjanleika við töku lífeyris og því ber að fagna. Ókosturinn er aftur á móti sá að stofnuð er fjórða tegundin af séreignarsparnaði með nýjum útborgunarreglum sem óhjákvæmilega flækir lífeyriskerfið enn frekar. Samkvæmt mati okkar er sjóðfélögum heimilt skv. lögum að velja sér vörsluaðila fyrir iðgjald sem ráðstafað er í séreignarsparnað, hvort sem um hluta af skylduiðgjaldi eða viðbótariðgjaldi er að ræða. Fulltrúar nokkurra annarra lífeyrissjóða eru ósammála því og telja að sjóðfélögum sé skylt að greiða iðgjald í tilgreinda séreign í sama lífeyrissjóð og sjóðfélagi greiðir samtryggingahluta skylduiðgjaldsins til. Erfitt er að finna efnisleg rök fyrir því að sjóðfélagi geti ekki fengið

að ákveða hvar hann ávaxtar séreignarsparnað sinn, enda á hann sparnaðinn og enginn annar. Með því að heimila sjóðfélögum að velja vörsluaðila fyrir séreignina væri komið til móts við þær raddir sem hafa verið á lofti á undanförnum árum að leyfa fólki að velja sér lífeyrissjóð.

Fyrir fundinn liggja fyrir breytingartillögur á samþykktum þess efnis að Frjálsi stofni tilgreinda séreign. Tilgangur breytinganna er að Frjálsi geti verið valkostur fyrir sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða sem kjósa að ávaxta iðgjöld í tilgreindri séreign í sjóðnum. Tilgreinda séreignin verður aftur á móti ekki valkostur fyrir sjóðfélaga sem greiða skylduiðgjald í Frjálsa enda rennur hækkun mótframlags þeirra í frjálsa séreign sem er laus til útborgunar eftir 60 ára aldur eins og áður sagði. Breytingartillögurnar verða kynntar síðar á fundinum.

Eins og ég nefndi á síðasta ársfundi þá höfum við upplifað almenna ánægju og traust sjóðfélaga til sjóðsins. Árlega gerir Capacent Gallup könnun á viðhorfi sjóðfélaga til lífeyrissjóða sem þeir greiða í. Spurt hefur verið m.a. um viðhorf til þjónustu, upplýsingargjafar, ávöxtunar og traust á stjórn og stjórnendum. Það er skemmst frá því að segja að niðurstaða könnunarinnar kom í fyrra aftur mjög vel út fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn og fékk hann framúrskarandi niðurstöður í öllum lykilþáttum. Það er okkur mikilvægt að upplifa þetta jákvæða viðhorf og traust til sjóðsins sérstaklega í ljósi þess að sjóðfélagar velja að greiða í sjóðinn en ber ekki skylda til þess eins og tíðkast svo almennt hér á landi. Ef illa er staðið að rekstri sjóðsins geta sjóðfélagar valið að hætta að greiða til sjóðsins og greiða í staðinn til annarra lífeyrissjóða. Í lok árs höfðu um 54 þúsund sjóðfélagar valið að greiða í sjóðinn.

Mikil áhersla er lögð á þróun í þjónustu til sjóðfélaga og launagreiðenda. Í fyrra kynnti sjóðurinn nýjan vef fyrir launagreiðendur til að senda inn skilagreinar til sjóðsins með rafrænum hætti. Innan skamms mun sjóðurinn kynna nýjan sjóðfélagavef þar sem sjóðfélagar geta nálgast m.a. upplýsingar um iðgjöld, lífeyrisgreiðslur og stöðu réttinda og séreignar. Jafnframt munu sjóðfélagar geta gert breytingar á forsendum samninga sinna. Það er von mín að sjóðfélagavefurinn leiði til þess að enn fleiri sjóðfélagar nálgist upplýsingar um lífeyrissparnað sinn í Frjálsa lífeyrissjóðnum með rafrænum hætti því ekki verður lengur forsenda að eiga aðgang að Netbanka Arion banka. Þegar hefðbundnum dagskrárliðum er lokið á þessum ársfundi þá mun Helga Sveinbjörnsdóttir starfsmaður Eignastýringar Arion banka vera með stutta kynningu á sjóðfélagavefnum.

Á árinu 2016 var Frjálsi valinn í þriðja sinn besti lífeyrissjóður Evrópu á meðal Evrópuþjóða með færri en milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe. Jafnframt var sjóðurinn tilnefndur sem besti lífeyrissjóður Evrópu og var það í fyrsta sinn sem sjóðurinn hefur fengið slíka tilnefningu. Frá árinu 2005



VJ Œ

hefur Frjálsi fengið 10 verðlaun frá Investment Pension Europe sem er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast. Við erum hreykin af þessum verðlaunum en þau virka fyrir okkur í stjórn og starfsmenn sem starfa fyrir sjóðinn sem mikil hvatning.

Ágætu sjóðfélagar.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins er skipuð sjö mönnum. Meirihlutinn, fjórir eru kosnir á ársfundi sjóðsins en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins, Arion banka. Umræður hafa verið um hvort breyta eigi þessu fyrirkomulagi þannig að fleiri eða jafnvel allir stjórnarmenn væru kosnir og enginn eða einn skipaður. Bent er þó á að mjög fáir sækja ársfundi og tæplega hægt að tala um aukið lýðræði með þannig breyttri aðferð við val á stjórnarmönnum. Þá er það viss kostur að með skipun stjórnarmanna er höfð til hliðsjónar sú þekking og reynsla sem fyrir er í stjórninni og leitast við að ná sem mestri breidd í bakgrunni stjórnarmanna til að forðast einsleitni.

Á fundinum nú rennur út kjörtímabil tveggja kosinna stjórnarmanna, Ásdísar Evu Hannesdóttur og Magnúsar Pálma Skúlasonar. Þau buðu sig aftur fram og fleiri eru ekki í framboði og eru þau því sjálfkjörin til næstu tveggja ára. Sama gildir um varastjórnarmennina Selmu Svavarsdóttur og Tryggva Þór Herbertsson en engin mótframboð bárust og eru þau því sjálfkjörin til eins árs.

Eitt af verkefnum ársfundar er að ákvarða laun stjórnarmanna. Tillaga stjórnar til ársfundar nú er að stjórnarlaunin hækki í samræmi við hækkun launavísitölu 2016 eða um 9%, úr 150.000 kr. í 163.500 kr. á mánuði og að stjórnarformaður fái tvöföld þau laun eins og verið hefur.

Jafnframt leggur stjórnin til að laun varamanna verði áfram helmingur af launum aðalmanna fyrir hvern setinn fund og lágmarksárslaun áfram ein og hálf stjórnarlaun aðalmanns. Rökin fyrir lágmarkslaunum varamanna eru að þeir eins og aðalstjórnarmenn falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og þurfa að uppfylla hæfisskilyrði laga um lífeyrissjóði sem takmarkar möguleika þeirra á öðrum störfum, þar með talið stjórnarstörfum.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnarmönnum mínum mjög ánægjulegt samstarf. Það er góður andi í stjórninni. Okkur finnst sjóðurinn vera á góðri, og miðað við aðstæður, nokkuð tryggri siglingu.

Ég vil enn þakka því starfsfólki sem að rekstri sjóðsins kemur og á heiðurinn af velgengni hans. Alveg sérstaklega þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni, fyrir ósérhlífni í störfum og jákvæðu viðhorfi. Félagi hans Marínó Örn Tryggvason á hér líka frábæran hlut að. Marínó hefur nýlega látið af störfum og er mikil eftirsjá af honum. Ég vil þakka honum fyrir hans góða hlut í velgengni Frjálsa og mjög

góða viðkynningu og óska honum velfarnaðar á nýjum vinnuslóðum. Að lokum vil ég segja að stjórnin ber mikið traust til allra þeirra starfsmanna sem að rekstri Frjálsa koma.

## 2. Kynning ársreiknings

**Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri** Frjálsa lífeyrissjóðsins fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum. Arnaldur vakti athygli á því að framsetning ársreiknings var breytt frá fyrri árum í samræmi við nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða.

Í máli Arnaldar kom meðal annars fram að iðgjöld og flutningar á séreign sjóðfélaga námu 14 milljörðum sem var 5% hækkun á milli ára. Arnaldur sagði að hafa bæri í huga að árið 2015 sameinaðist séreignardeild LSS inn í Frjálsa og fluttust um 1,5 milljarður til Frjálsa við sameininguna svo iðgjöld voru óvenjulega há það árið. Lífeyrisgreiðslur voru um 3,7 milljarðar og hækkuðu því um 11% á milli ára.

Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru 1,3 milljarðar og lækkuðu um 93% á milli ára sem skýrist af því að ávöxtun árið 2015 var mjög há en ávöxtunin í fyrra að sama skapi lág. Rekstrarkostnaður var 368 milljónir sem er 11% hækkun á milli ára. Hækkun á hreinni eign sjóðsins nam 11,3 milljörðum kr. og hrein eign frá fyrra ári var um 174 milljarðar. Stækkaði sjóðurinn því um 7% á árinu.

Hrein eign í árslok var 185,6 milljarðar sem skiptist þannig að 130 milljarðar tilheyra séreignadeildinni en um 55 milljarðar tryggingadeildinni. Frjálsi 1 var langstærsta leiðin eða um 97 milljarðar en þetta var sú leið sjóðsins sem sjóðfélagar greiddu í frá 1978 til 2002 en þá voru aðrar fjárfestingarleiðir stofnaðar í sjóðnum. Arnaldur sagði að sjóðurinn væri orðinn um 200 milljarðar að stærð og hefði því vaxið um 15 milljarðar sem væri meiri stækkun en allt árið í fyrra. Það skýrist af auknu innflæði og mun betri ávöxtun sem hefði verið á sjóðnum það sem af væri ári. Arnaldur sagði að sjóðurinn hefði tvöfaldast sl. fimm og hálft ár, í lok árs 2011 var sjóðurinn 100 milljarðar en væri í dag um 200 milljarðar. Arnaldur fór yfir þróun á stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins sem hlutfall af stærð lífeyriskerfisins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var um 1,5% af stærð lífeyriskerfisins en væri nú um 5,6%, þannig að sjóðurinn hefði stækkað hlutfallslega meira eða jafnt og lífeyriskerfið á hverju ári nema á árinu 2007. Arnaldur sýndi hreina eign og vöxt stærstu lífeyrissjóða landsins, Frjálsi lífeyrissjóðurinn var sjötti stærsti sjóðurinn og í með þriðja mesta vöxt lífeyrissjóðanna árið 2016.

Því næst fór Arnaldur yfir sundurliðun á iðgjöldum. Iðgjöld sjóðfélaga námu 4,9 milljörðum og iðgjöld launagreiðenda 8,9 milljörðum eða samtals 13,7 milljarðar sem var 17% hækkun á milli ára. Arnaldur sagði

að skýringin væri fyrst og fremst að nú væri fleiri greiðandi sjóðfélagar að greiða til sjóðsins, að meðaltali greiddu 16.633 sjóðfélagar í sjóðinn á árinu. Jafnframt hafði hækkun mótframlags hjá hluta sjóðfélaga og launahækkanir þau áhrif að iðgjöld hækkuðu.

Arnaldur sagði að í skýringum var iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda skipt í lágmarksiðgjöld, sem var 12% skylduiðgjald af launum, og svo viðbótariðgjöld. Lágmarksiðgjöldin hækkuðu um 18% og voru 11 milljarðar og viðbótariðgjöldin hækkuðu um 16% og voru 2,7 milljarðar. Arnaldur sýndi þróun iðgjalda sjóðfélaga og launagreiðanda frá árinu 2010 til 2016.

Því næst fór Arnaldur yfir sundurliðun á lífeyri. Lífeyrisgreiðslur voru um 2,8 milljarðar og hækkaði um 23% á milli ára. Heimild til að sækja um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði lauk á árinu 2014 og lauk þeim greiðslum á 1. ársfjórðungi 2016 og námu því eingöngu 7 milljónum kr., viðbótariðgjöldum sem var ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúnæðis námu 739 milljónum. Af lífeyrisgreiðslum var ellilífeyrir langstærsti liðurinn eða 2,1 milljarður. Örorkulífeyrir var 299 milljónir og annar lífeyrir 328 milljónir en þar var um að ræða greiðslur á séreign til erfingja látinna sjóðfélaga og endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara sem flytja af landi brott.

Arnaldur sagði að hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins voru 1,3 milljarðar í samanburði við 18 milljarða árið 2015 sem skýrist eins og ég áður sagði af því að ávöxtun sjóðsins var mjög góð árið 2015 en lág árið 2016. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum voru neikvæðar um 3,3 milljarða og þar hefur stór áhrif neikvæður gengismunur vegna styrkingar krónunnar að fjárhæð 4,2 milljarðar. Krónan styrktist um rúmlega 16% sem hafði verulega neikvæð áhrif á ávöxtun allra lífeyrissjóða og hjá Frjálsa á þær leiðir sem eru með eignir í erlendum gjaldmiðlum. Arnaldur sagði að fjárfestingartekjurnar endurspegla ávöxtun sjóðsins og þróun verðbólgu hefur einnig áhrif á þennan lið því stór hluti af skuldabréfum sjóðsins eru verðtryggð. Það geta því verið miklar sveiflur á þessum lið á milli ára eftir því hvernig verðbréfamarkaðir, íslenska krónan og verðbólga þróast. Arnaldur fór nánar yfir sundurliðun á fjárfestingargjöldum og rekstrarkostnaði Frjálsa lífeyrissjóðsins. Hann sagði að þar sem öllum rekstri sjóðsins var úthýst til Arion banka þá var stærsti kostnaðarliðurinn umsýsluþóknun sjóðsins til Arion banka en honum var skipt á milli Fjárfestingargjalda og Rekstrarkostnaðar. Umsýsluþóknun var 521 milljón sem var 0,29% af meðalstöðu sjóðsins og vörsluþóknun var 46 milljónir, fjárfestingargjöld 18 milljónir og annar rekstrarkostnaður 55 milljónir.

Arnaldur sagði að sjóðfélagar sem ættu inneign eða réttindi í árslok var um 54 þúsund og fjölgaði þeim um 2.615 á milli ára. Langflestir sjóðfélagar ættu inneign í Frjálsa 1 eða um 44 þúsund og svipaður fjöldi

ætti réttindi í tryggingadeild sjóðsins. Arnaldur sýndi mynd af þróun á heildarfjölda sjóðfélaga og lífeyrisþega frá árinu 2010 til 2016. Arnaldur sagði frá breytingu er var á gerð á vöruvali lána Frjálsa lífeyrissjóðsins og lækkun vaxta sem varð til þess að ný sjóðfélagalán jukust verulega eða úr rúmlega 900 milljónum kr. árið 2015 í 9,4 milljarðar árið 2016 Nú væri boðið uppá þrjár tegundir lána, verðtryggt með breytilegum og föstum vöxtum og óverðtryggð lán með föstum vöxtum til þriggja ára í senn Arnaldur sýndi breytingu frá árinu 2008 til 2016 á fjárhæðum nýrra lána og heildar lánveitingu á árunum.

Haraldur Yngvi Pétursson sjóðstjóri hjá Eignastýringu fagfjárfesta fór yfir ávöxtun og eignasamsetningu Frjálsa lífeyrissjóðsins á árinu 2016. Hann fór yfir þróun markaða á árinu 2016 í samanburði við 2015. Hann sagði að ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins þ.e.a.s. raunávöxtun 2016 var frá -4% til 2,2%. Ávöxtun Frjálsa 1 var -3,3%, Frjálsa 2 0,1%, Frjálsa 3 2,2%, Frjálsa Áhættu -4,0% og Tryggingadeildar-0,1%. Haraldur fór yfir ávöxtun leiðanna til langs tíma litið, frá árinu 1990 til 2016 þar sem meðalraunávöxtun var 4,6% hjá Frjálsa 1.

Þá fór Haraldur yfir eignasamsetningu hverrar leiðar fyrir sig og samanburð á ávöxtun leiðanna. Hann fór einnig stuttlega yfir þróun markaða fram til 26. júní 2017.

**Umræður**

Eftir kynningu Arnaldar og Haraldar var opnað fyrir umræður um fyrstu tvo dagskrárliðina. Engin fyrirspurn kom frá fundargestum.

**3. Tryggingafræðileg athugun**

**Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur** sjóðsins kynnti niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2016. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri 4,9%, framtíðarstaða væri -0,1% og heildarstaða 1,9%. Tryggingafræðileg staða lækkaði á milli ára, á árinu 2015 var áfallin staða 10,9%, framtíð staða 1,6% og heild staða 5,1%. Bjarni sagði helstu ástæðu þessara vera einkum breyttar forsendur um lífslíkur sem bættu 2.000 milljónum við mat áfallinna skuldbindinga og 1.400 milljónum við framtíðarskuldbindingar. Einnig var ávöxtun nokkuð lægri en viðmiðun tryggingafræðilegra forsendra gerði ráð fyrir, sem eru 3,5% raunávöxtun m.v. endurmetna eign. Niðurstöðurnar kalla ekki á sérstök viðbrögð.

**4. Fjárfestingarstefna sjóðsins**

**Haraldur Yngvi Pétursson** sjóðstjóri Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2016. Haraldur sagði að fjárfestingarstefnan væri ákveðin af stjórn sjóðsins ár hvert.

Haraldur fór yfir breytingar á fjárfestingarstefnum fyrir árið 2016, fyrir hverja deild fyrir sig.

**Frjálsi Áhætta,** breyttist ekkert á milli tímabila.

**Frjálsi 1** - Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* lækkað úr 35% í 30%. Neðri vikmörk lækkuð úr 20% í 15%. Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* lækkað úr 2% í 1%. Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* hækkað úr 3% í 6%. Vægi í flokknum *Fasteignaveðtryggð skuldabréf* hækkað úr 2% í 5%. Efri vikmörk hækkuð úr 10% í 20%.

**Frjálsi 2** - Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* lækkað úr 50% í 45%. Neðri vikmörk lækkuð úr 30% í 25%. Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* lækkað úr 3% í 1%. Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* hækkað úr 10% í 15%. Efri vikmörk hækkuð úr 20% í 25%. Vægi í flokknum *Fasteignaveðtryggð skuldabréf* hækkuð úr 0% í 2%. Efri vikmörk hækkuð úr 5% í 15%.

**Frjálsi 3** - Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* hækkað úr 55% í 60%. Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* lækkað úr 5% í 4%. Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* hækkuð úr 15% í 20%. Efri vikmörk hækkuð úr 30% í 35%. Vægi í flokknum Fasteignaveðtryggð skuldabréf hækkuð úr 0% í 1%. Efri vikmörk hækkuð úr 5% í 10%. Efri vikmörk í flokknum *Hlutabréf* og *Hlutir eða hlutdeildarskírteini vegna annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu* hækkuð úr 1% í 5%.

**Frjálsi Tryggingadeild** - Vægi í flokknum *Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* lækkað úr 50% í 40%. Vægi í flokknum *Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga* lækkað úr 3% í 1%. Vægi í flokknum *Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* hækkað úr 5% í 10%. Efri vikmörk hækkuð úr 15% í 20%. Vægi í flokknum *Fasteignaveðtryggð skuldabréf* hækkuð úr 3% í 5%. Efri vikmörk hækkuð úr 10% í 15%. Vægi í flokknum *Hlutabréf* hækkuð úr 20% í 25%. Efri vikmörk hækkuð úr 35% í 40%.

**Þá var boðið upp á fyrirspurnir en engar fyrirspurnir komu fram.**

**5. Kosning stjórnar og varamanna**

**Fundarstjóri Bjarni** sagði frá því að stjórnarmenn Frjálsa lífsj. Ásdís Eva Hannesdóttir og Magnús Pálmi Skúlason biðu sig fram í aðalstjórn, en ekki voru fleiri í framboði, þau væru því sjálfkörin til næstu tveggja ára. Það sama gilti um varastjórnarmennina Selmu Svavarsdóttir og Tryggva Þór Herbertsson, sem væru sjálfkörin til eins árs þar sem enginn mótframboð bárust.

**6. Kjör endurskoðanda**

Deloitte hf. var sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins en engar aðrar tillögur höfðu komið fram.

**7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**

**Arnaldur** gerði grein fyrir breytingatillögum á samþykktum sjóðsins

Arnaldur sagði að helstu breytingartillögur á samþykktum fjölluðu um Tryggingaleiðina og tilgreinda séreign. Hann byrjaði á að kynna aðrar breytingartillögur.

Tillaga var um auka svigrúm trúnaðarlækna til að meta örorku til lengri tíma en tvö ár.

Tillaga væri gerð um að makalífeyrir væri greiddur til 67 ára aldurs í stað 70 ára aldurs í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðslaganna.

Arnaldur sagði að sjóðurinn þyrfti að greiða út lífeyri þegar að svokölluðum hámarksaldri væri náð. Til að einfalda framkvæmd á útgreiðslunum væri lagt til að lífeyrissjóðnum væri heimilt að greiða út lág réttindi í eingreiðslu án þess að sjóðfélagi þyrfti sérstaklega að óska eftir því.

Lagt var til að taka úr viðauka samþykktanna töflur sem notaðar voru þegar að réttindi voru færð úr Tryggingadeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina og Erfanlegu leiðina en þær væru ekki lengur notaðar í rekstri sjóðsins en yrðu aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Arnaldur sagði frá tilurð Tryggingaleiðarinnar og uppbyggingu hennar, um 20 sjóðfélagar hefðu valið leiðina á hverju ári sl. ár á sama tíma að yfir 1.000 manns hefðu valið Erfanlegu leiðina og Frjálsu leiðina, hvora um sig. Um 400 sjóðfélagar greiddu í leiðina árið 2016 á sama tíma greiddu 9.800 sjóðfélagar í Frjálsu leiðina og 8.400 sjóðfélagar í Erfanlegu leiðina. Til að einfalda framboð valkosta og rekstur sjóðsins var því lagt til að hætta að bjóða upp á greiðslur skylduiðgjalda í Tryggingaleiðina fyrir núverandi og framtíðar

sjóðfélaga. Núverandi sjóðfélagar myndu geta valið um að greiða í aðrar samtryggingarleiðir og halda áunnum réttindum sínum í leiðinni og væri lagt til að núverandi samþykktir sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí 2016 giltu um áunnin réttindi sjóðfélaga í Tryggingaleiðinni. Arnaldur benti á að í viðauka samþykkta væri skýrt út framkvæmd á breytingartillögum sem varða Tryggingaleiðina. Í gr. 14.2. væri lagt til að samþykktir sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí 2016 gildi um réttindi í Tryggingaleiðinni með þeirri undantekningu að ákvæði í gildandi samþykktum á hverjum tíma gildi annars vegar um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris og hinsvegar um greiðslutíma makalífeyris. Arnaldur sagði að tillögur um breytingar sem verði gerðar á gr. 12.2 í samþykktum sjóðsins um greiðslutíma makalífeyris myndu því einnig eiga við um maka þeirra sjóðfélaga sem eiga áunnin réttindi í Tryggingaleiðinni.

Aðrar breytingartillögur sem varða Tryggingaleiðina leiða af þeim breytingum sem Arnaldur kynnti á Tryggingaleiðinni. Arnaldur sagði að lagt væri til að tekin væru út ákvæði um að sjóðfélagi geti valið Tryggingaleiðina til að afla sér lágmarkstryggingaverndar og ákvæði sem fjalla um áunnin réttindi sjóðfélaga í Tryggingaleiðinni og útborgunarreglur þeirra.

Arnaldur fjallaði svo um breytingartillögur sem varðaði tilgreinda séreign og vísaði jafnframt í ávarp stjórnarformanns um málið. Með breytingartillögunum gætu sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða ráðstafað hækkun mótframlags í tilgreinda séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Um útborgunarreglurnar giltu samþykktir þeirra lífeyrissjóða sem sjóðfélagi greiddi samtryggingarhluta skylduiðgjaldsins til. Tilgreind séreign hefði þannig takmarkaðri útborgunarreglur en frjáls séreign en sjóðfélagar gætu tekið hana út frá 62-67 ára aldurs. Arnaldur lagði áherslu á að engar breytingar yrðu á ráðstöfun skylduiðgjalda Frjálsa lífeyrissjóðsins. Arnaldur fór yfir hverja og eina breytingartillögu sem varðaði tilgreinda séreign.

**Hér settar eins og prentaðar voru út fyrir fundinn og eru á heimasíðu sjóðsins frjalsi.is:**

## Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins lagðar fyrir ársfund 29. júní 2017

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með <u>rauðu letri og undirstrikun</u> og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með ~~rauðu letri og yfirstrikun~~.

---

### Almennt um breytingartillögur sem varða tilgreinda séreign

Fjöldi lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði hafa boðað að bjóða sjóðfélögum sínum að greiða allt að 2% iðgjald í svokallaða tilgreinda séreign frá 1. júlí 2017 og 3,5% frá 1. júlí 2018. Tilgreind séreign hefur takmarkaðri útborgunarreglur en frjáls séreign, sbr. tillaga um nýja gr. 16.4., en frjáls séreign er laus til útborgunar eftir að 60 ára aldri er náð. Lagt er til að Frjálsi lífeyrissjóðurinn stofni tilgreinda séreign fyrir sjóðfélaga sem greiða skylduiðgjöld í samtryggingadeild annarra lífeyrissjóða en kjósa að greiða iðgjöld í tilgreinda séreign í Frjálsa lífeyrissjóðinn eða að flytja hana til sjóðsins frá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Tillögur um ákvæði um tilgreinda séreign koma víða fram í samþykktunum og þarfnast ekki nánari skýringa.

### Almennt um breytingartillögur sem varða Tryggingaleiðina

Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður upp á þrjár samtryggingarleiðir fyrir sjóðfélaga til að afla sér lágmarkstryggingaverndar: Frjálsa leiðin, Erfanlega leiðin og Tryggingaleiðin. Mjög lítil eftirspurn hefur verið eftir því að greiða í Tryggingaleiðina. Til að einfalda framboð valkosta og rekstur sjóðsins er því lagt til að hætta að bjóða upp á greiðslur skylduiðgjalda í Tryggingaleiðina bæði fyrir núverandi og framtíðar sjóðfélaga. Núverandi sjóðfélagar geta valið um að greiða í aðrar samtryggingarleiðir og halda áunnum réttindum sínum í Tryggingaleiðinni og munu núverandi samþykktir sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí 2016 gilda um áunnin réttindi sjóðfélaga sbr. tillaga um nýja gr. 14.2. Víða í breytingartillögunum eru tekin út ákvæði um Tryggingaleiðina og þarfnast þær ekki nánari skýringa.

## 2. Hlutverk sjóðsins

2.1. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara.

**Rökstuðningur**

Meginhlutverk lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum ellilífeyri.

## 3. Sjóðfélagar

3.5. Frjálsa lífeyrissjóðnum er heimilt að taka við greiðslu tilgreindrar, frjálsrar og bundinnar séreignar og viðbótartryggingaverndar úr öðrum lífeyrissjóðum vegna þeirra einstaklinga sem kjósa að flytja inneign sína úr öðrum sjóðum.

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um tilgreinda séreign framarlega í skjalinu.

## 7. Fjárfestingarstefna

7.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að skipta sjóðnum upp í deildir með mismunandi fjárfestingarstefnu, enda sé fjárfestingarstefna hverrar deildar innan þess ramma er þessi grein setur og sérhver sjóðfélagi hafi val um í hvaða deild, eða deildum, inneign hans er ávöxtuð. Sjóðfélagi getur flutt inneign sína á milli deilda og er sjóðnum heimilt að innheimta kostnað við flutningana skv. ~~gjaldskrá~~ verðskrá sjóðsins.

**Rökstuðningur**

Orðalagsbreyting

## 8. Tryggingavernd

8.2. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður ~~þrjá~~ tvo kosti til öflunar lágmarkstryggingaverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykkta þessara. Ef nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna samtryggingarleið er hann sjálfkrafa settur í Frjálsu leiðina.

Erfanlega leiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr tryggingadeild hefjast þegar sjóðfélagi er 82- 85 ára sbr. gr. 8.6.

Frjálsa leiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð eingöngu í samtryggingu.

~~Tryggingaleiðin. Lágmarkstryggingavernd tryggð eingöngu í samtryggingu.~~

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

8.3. Sjóðfélaga ber að greiða til sjóðsins það lágmarksiðgjald sem sjóðurinn áskilur til öflunar lágmarkstryggingaverndar í samræmi við þá samtryggingarleið sem valin er, sbr. grein 8.2 og 9.1. Sjóðfélaga er heimilt að greiða til sjóðsins iðgjald umfram lágmarksiðgjald sem greiðist í frjálsa séreign ~~í Erfanlegu leiðinni og Frjálsu leiðinni en greiðist í tryggingadeild í Tryggingaleiðinni~~. ~~Sjóðfélögum í Tryggingaleiðinni er þó heimilt eins og öðrum sjóðfélögum að gera samning um viðbótarlífeyrissparnað sem felur í sér greiðslur í frjálsa séreign, sbr. grein 8.5.~~

**Rökstuðningur**

Þar sem lagt er til að hætta að bjóða upp á Tryggingaleiðina þá greiðist iðgjald umfram lágmarksiðgjald í frjálsa séreign í báðum leiðunum sem eru í boði og óþarfi að nafngreina þær sérstaklega.

8.7. Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla l. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni hefst við 70 ára aldur~~,~~ og skv. Erfanlegu leiðinni þegar sjóðfélagi er 82-85 ára, ~~og skv. Tryggingaleiðinni við 67 ára aldur~~ og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldursskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

## 9. Iðgjald

9.1. Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en lágmarksiðgjald (nú 12%) er tilgreint í 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðarákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Erfanlega leiðin. 3,40% í samtryggingu og 6,55% í bundna séreign.

Frjálsa leiðin. 7,95% í samtryggingu.

~~Tryggingaleiðin. 12% í samtryggingu.~~

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

## 10. Ellilífeyrir

10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka skv. Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni~~ en frá 67 ára aldri skv. Tryggingaleiðinni~~. Hafi sjóðfélagi valið Erfanlegu leiðina sbr. grein 8.2. hefjast greiðslur úr tryggingadeild þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur, sbr. þó grein 11.13. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi og aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds sbr. meðfylgjandi töflu T1. Réttur til ellilífeyris fellur úr gildi við andlát.

10.2. Sjóðfélagi sem valið hefur Frjálsu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr tryggingadeild fram til 60 ára aldurs eða frestað fram til 75 ára aldurs~~ og sjóðfélagi sem hefur valið Tryggingaleiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr tryggingadeild fram til 60 ára aldurs eða frestað fram til 72 ára aldurs~~. Í báðum samtryggingarleiðum lækkar eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu T2. Sjóðfélagi sem valið hefur Erfanlegu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr bundinni séreign til 60 ára aldurs eða frestað fram til 85 ára aldurs. Hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunaraldri er náð skv. gr. 10.1. skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris.

10.3. ~~Sjóðfélagi sem valið hefur Tryggingaleiðina og greiðir iðgjald eftir að 67 ára aldri er náð aflar lífeyrisréttar fyrir iðgjöld sín samkvæmt töflugildum fyrir samsvarandi aldur í Frjálsu leiðinni. Miðast þau réttindi við 70 ára lífeyrisaldur en heimilt er að flýta töku lífeyris frá þeim aldri og lækkar þá rétturinn samkvæmt töflu T2. ~~Iðgjöld sem greidd eru eftir að taka lífeyris er hafin veita réttindi eftir ákvæðum sem gilda um þá leið sem sjóðfélagi hefur valið og er lífeyrir endurúrskurðaður við 70 ára aldur.

10.4. Við töku ellilífeyris ~~fyrir 67 ára aldur í Tryggingaleiðinni og ~~fyrir 70 ára aldur í Frjálsu leiðinni ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann orðið fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira.

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

## 11. Örorkulífeyrir

11.1. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri til 70 ára aldurs, skv. Erfanlegu leiðinni og Frjálsu leiðinni~~, og til 67 ára aldurs skv. Tryggingaleiðinni~~ ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrisréttur er jafn áunnum ellilífeyrisrétti. Uppfylli sjóðfélagi öll eftirfarandi skilyrði skapast framreiknaður réttur skv. grein 11.3.

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

11.7. Örorkuna skal að jafnaði meta eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Sjóðurinn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

**Rökstuðningur**

Eðlilegt þykir að trúnaðarlæknar sjóðsins hafi svigrúm í ákveðnum tilvikum til að meta örorku til lengri tíma en tvö ár.

## 12. Makalífeyrir

12.2. Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sem sjóðfélaginn framfærði áður, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en ~~70~~ 67 ára, skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

**Rökstuðningur**

Lagt er til að samræma ákvæði um greiðslutíma makalífeyris hjá eftirlifandi mökum sem jafnframt eru öryrkjar við ákvæði lífeyrissjóðslaganna. Makar, sem eru a.m.k. 50% öryrkjar, og hafa nú þegar fengið úrskurð um makalífeyri, fá þó makalífeyri til 70 ára aldurs.

## 14. ~~Flutt~~ Geymd réttindi

**Rökstuðningur**

Orðalagsbreyting

14.1. Sjóðfélagar sem áttu réttindi í Lífeyrissjóði Bolungarvíkur 31. desember 2005 eiga ~~flutt~~ geymd réttindi í tryggingadeild. Um þessi réttindi gilda síðustu samþykktir Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti 31.12.2005 fer þó samkvæmt ákvæðum Tryggingaleiðarinnar sbr. töflu T2 í gildandi samþykktum á hverjum tíma.

**Rökstuðningur**

Breytingartillaga til að skýra betur hvað átt er við.

14.2. Sjóðfélagar sem hafa greitt í Tryggingaleiðina í Frjálsa lífeyrissjóðnum eiga geymd réttindi í tryggingadeild, sbr. viðauka 1.c. Um þessi réttindi gilda samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 16. júní 2016 og tóku gildi 1. júlí sama ár. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti í Tryggingaleiðinni fer þó samkvæmt ákvæðum í töflu T2 í gildandi samþykktum á hverjum tíma. Jafnframt skal greiðslutími makalífeyris fara eftir ákvæðum í gr. 12.2. í gildandi samþykktum á hverjum tíma.

**Rökstuðningur**

Eins og lýst er framarlega í skjalinu er lagt til að leggja niður Tryggingaleiðina og taka út ákvæði um hana í samþykktunum. Í gr. 14.2 er lagt til að samþykktir sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí 2016 gildi um réttindi í Tryggingaleiðinni með þeirri undantekningu að ákvæði í gildandi samþykktum á hverjum tíma gildi annars vegar um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris og hins vegar um greiðslutíma makalífeyris. Tillögur um breytingar sem nú eru gerðar á gr. 12.2 í samþykktum sjóðsins um greiðslutíma makalífeyris munu því einnig eiga við um maka þeirra sjóðfélaga sem eiga áunnin réttindi í Tryggingaleiðinni.

## 16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins~~, óski hann þess~~. Upphæðin uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Rökstuðningur**

Sjóðurinn þarf skv. greininni að hefja greiðslur á lífeyri þegar að svokölluðum hámarksaldri er náð. Til að einfalda framkvæmd á útgreiðslunum er lagt til að lífeyrissjóðnum verði heimilt að greiða út lág réttindi í eingreiðslu án þess að sjóðfélagi þurfi sérstaklega að óska eftir því.

## 16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

16.3. Þegar rétthafi hefur náð 60 ára aldri er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr frjálsri séreign. Útgreiðslur geta þó ekki hafist fyrr en tveim árum eftir fyrstu inngreiðslu. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá frjálsan lífeyrissparnað sinn og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum. Með jöfnum greiðslum er átt við að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innistæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem samsvarar fjölda þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Ef innistæða rétthafa nær ekki 500.000 krónum skal dreifa útborgun á skemmri tíma en 7 ár ef viðkomandi sjóðfélagi/rétthafi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5.

16.4. Velji sjóðfélagi annars lífeyrissjóðs að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda eða bundna séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. laga 129/1997 skulu um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Sama gildir ef sjóðfélagi velur að flytja í Frjálsa lífeyrissjóðinn tilgreinda eða bundna séreign frá öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Hafi lífeyrissjóðurinn sem sjóðfélagi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til ekki reglur um útborgun fyrir tilgreinda séreign er sjóðfélaganum heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu greiðslurnar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri. Sömu reglur gilda um útgreiðslu innstæðu sjóðfélaga vegna örorku og innstæðu sem ekki nær 500.000 kr. og gilda um frjálsa séreign skv. gr. 16.3.

**Rökstuðningur**

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum og reglugerð þurfa að gilda sömu útborgunarreglur um tilgreinda séreign og í þeim sjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til. Mögulegt er að einstaka lífeyrissjóðir kjósi að stofna ekki tilgreinda séreign en sjóðfélagar þeirra hafa þá val um að greiða allt að 3,5% iðgjald í tilgreinda séreign hjá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Í þeim tilvikum sem iðgjaldið er greitt til Frjálsa lífeyrissjóðsins er nauðsynlegt að kveða á um útborgunarreglurnar fyrir tilgreinda séreign í samþykktum sjóðsins. Til einföldunar er lagt til að í þessum tilvikum verði sambærilegar útborgunarreglur og á tilgreindri séreign hjá öðrum vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Að öðru leyti er vísað í rökstuðning framarlega í skjalinu.

16.~~5~~6. Kostnaður við flutning tilgreindrar, bundinnar eða frjálsrar séreignar ~~getur numið allt að 1% af inneign rétthafans en að lágmarki 5.000 kr.~~er skv. verðskrá Frjálsa lífeyrissjóðsins.

**Rökstuðningur**

Lagt er til að taka út ákvæði um kostnað við flutning á séreign úr sjóðnum til að gæta samræmis við ákvæði í gr. 7.2. en vísa þess í stað í verðskrá sjóðsins.

16.~~6~~7. Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef rétthafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til Frjálsa lífeyrissjóðsins, nema hann óski að halda áfram að greiða til sjóðsins. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu eða réttinda. Rétthöfum er heimilt að ~~gera samning um flutning~~flytja tilgreinda, bundna og frjálsa séreign ~~innistæðu eftir uppsögn~~til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar. ~~Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingavernd, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, gegn greiðslu kostnaðar skv. 16.56.~~

**Rökstuðningur**

Í samræmi við tillögu um að bjóða sjóðfélögum annarra lífeyrissjóða að greiða iðgjöld í tilgreinda séreign í Frjálsa lífeyrissjóðinn þá takmarkast flutningur á séreign úr sjóðnum ekki lengur eingöngu við þá sem bjóða upp á samninga um viðbótarlífeyrissparnað. Samkvæmt tillögunni geta sjóðfélagar flutt tilgreinda séreign úr Frjálsa lífeyrissjóðnum til annarra vörsluaðila með sama hætti og frjálsa séreign og bundna séreign.

## 22. Gildistaka

22.1. Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí 2016, sbr. samþykki ársfundar ~~26~~29. ~~maí~~ júní ~~2016~~2017. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**Rökstuðningur**

Breytingartillagan þarfnast ekki skýringa

## Viðauki

**Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina**

Réttindi í bundinni séreign færast til frjálsrar séreignar. Samtryggingarréttindi breytast í samtryggingarréttindi í Frjálsu leiðinni með stuðlum úr töflu A sem er að finna á vefsíðu sjóðsins.

**Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Erfanlegu leiðina**

Samtryggingarréttindi verða óbreytt frá þeim rétti sem myndaðist með greiðslum í Tryggingadeild 2 og 3, en lífeyristökualdur er hækkaður í samræmi við Erfanlegu leiðina. Greitt er í bundna séreign sjóðfélaga úr tryggingadeildinni samkvæmt áunnum rétti hans í viðkomandi leið og stuðlum í töflu B sem er að finna á vefsíðu sjóðsins.

Tafla A

**Flutningur réttinda í Frjálsu leiðina**

Réttindi í samtryggingu skulu margfölduð með stuðlunum í töflunni.

| | **Samtryggingarleið** | |
|---|---|---|
| **Aldur** | **Tryggingadeild 2** | **Tryggingadeild 3** |
| 16 | 0,728811 | 0,530738 |
| 17 | 0,728418 | 0,530059 |
| 18 | 0,727883 | 0,529134 |
| 19 | 0,727194 | 0,527943 |
| 20 | 0,726362 | 0,526505 |
| 21 | 0,725398 | 0,524838 |
| 22 | 0,724310 | 0,522957 |
| 23 | 0,723106 | 0,520873 |
| 24 | 0,721790 | 0,518597 |
| 25 | 0,720368 | 0,516137 |
| 26 | 0,718845 | 0,513504 |
| **Aldur** | **Tryggingadeild 2** | **Tryggingadeild 3** |
| 27 | 0,717228 | 0,510706 |
| 28 | 0,715523 | 0,507756 |
| 29 | 0,713737 | 0,504668 |
| 30 | 0,711878 | 0,501452 |
| 31 | 0,709950 | 0,498117 |
| 32 | 0,707959 | 0,494673 |
| 33 | 0,705913 | 0,491133 |
| 34 | 0,703818 | 0,487510 |
| 35 | 0,701682 | 0,483814 |
| 36 | 0,699507 | 0,480053 |

| | | |
|---|---|---|
| 37 | 0,697299 | 0,476233 |
| 38 | 0,695062 | 0,472364 |
| 39 | 0,692801 | 0,468453 |
| 40 | 0,690519 | 0,464505 |
| 41 | 0,688217 | 0,460524 |
| 42 | 0,685897 | 0,456511 |
| 43 | 0,683560 | 0,452468 |
| 44 | 0,681205 | 0,448395 |
| 45 | 0,678832 | 0,444290 |
| 46 | 0,676438 | 0,440149 |
| 47 | 0,674021 | 0,435970 |
| 48 | 0,671579 | 0,431746 |
| 49 | 0,669109 | 0,427474 |
| 50 | 0,666607 | 0,423146 |
| 51 | 0,664070 | 0,418759 |
| 52 | 0,661495 | 0,414306 |
| 53 | 0,658881 | 0,409786 |
| 54 | 0,656228 | 0,405199 |
| 55 | 0,653538 | 0,400548 |
| 56 | 0,650815 | 0,395840 |
| 57 | 0,648066 | 0,391088 |
| 58 | 0,645303 | 0,386310 |
| 59 | 0,642539 | 0,381533 |
| 60 | 0,639794 | 0,376789 |
| 61 | 0,637094 | 0,372124 |
| 62 | 0,634468 | 0,367587 |
| 63 | 0,631951 | 0,363240 |
| 64 | 0,629582 | 0,359148 |

| | | |
|---|---|---|
| ~~65~~ | ~~0,627399~~ | ~~0,355381~~ |
| ~~66~~ | ~~0,625448~~ | ~~0,352015~~ |
| ~~67~~ | ~~0,623765~~ | ~~0,349116~~ |
| ~~68~~ | ~~0,622406~~ | ~~0,346777~~ |
| ~~69~~ | ~~0,621417~~ | ~~0,345080~~ |
| ~~70~~ | ~~0,620840~~ | ~~0,344097~~ |

~~**Tafla B**~~

~~**Flutningur réttinda í Erfanlegu leiðina**~~

~~Flytja skal fjárhæð sem svarar til margfeldis árlegra réttinda úr samtryggingu og viðeigandi stuðuls úr töflunni í bundna séreign. Réttindi úr Erfanlegu leiðinni verða hin sömu og var í Tryggingadeildum 2 og 3 fyrir breytingu.~~

| | ~~**Samtryggingarleið**~~ | |
|---|---|---|
| ~~**Aldur**~~ | ~~**Tryggingadeild 2**~~ | ~~**Tryggingadeild 3**~~ |
| ~~16~~ | ~~0,708447~~ | ~~0,280046~~ |
| ~~17~~ | ~~0,733554~~ | ~~0,289970~~ |
| ~~18~~ | ~~0,759556~~ | ~~0,300246~~ |
| ~~19~~ | ~~0,786482~~ | ~~0,310889~~ |
| ~~20~~ | ~~0,814369~~ | ~~0,321910~~ |
| ~~21~~ | ~~0,843249~~ | ~~0,333325~~ |
| ~~22~~ | ~~0,873160~~ | ~~0,345146~~ |
| ~~23~~ | ~~0,904139~~ | ~~0,357390~~ |
| ~~24~~ | ~~0,936225~~ | ~~0,370071~~ |
| ~~25~~ | ~~0,969460~~ | ~~0,383207~~ |
| ~~26~~ | ~~1,003886~~ | ~~0,396812~~ |
| ~~27~~ | ~~1,039547~~ | ~~0,410906~~ |
| ~~28~~ | ~~1,076489~~ | ~~0,425506~~ |
| ~~29~~ | ~~1,114761~~ | ~~0,440632~~ |

| | | |
|---|---|---|
| ~~30~~ | ~~1,154413~~ | ~~0,456303~~ |
| ~~31~~ | ~~1,195498~~ | ~~0,472541~~ |
| ~~32~~ | ~~1,238072~~ | ~~0,489366~~ |
| ~~33~~ | ~~1,282191~~ | ~~0,506802~~ |
| ~~34~~ | ~~1,327918~~ | ~~0,524873~~ |
| ~~35~~ | ~~1,375315~~ | ~~0,543605~~ |
| ~~36~~ | ~~1,424451~~ | ~~0,563023~~ |
| ~~37~~ | ~~1,475396~~ | ~~0,583156~~ |
| ~~38~~ | ~~1,528225~~ | ~~0,604034~~ |
| ~~39~~ | ~~1,583017~~ | ~~0,625687~~ |
| ~~40~~ | ~~1,639857~~ | ~~0,648149~~ |
| ~~41~~ | ~~1,698834~~ | ~~0,671456~~ |
| ~~42~~ | ~~1,760044~~ | ~~0,695644~~ |
| ~~43~~ | ~~1,823589~~ | ~~0,720755~~ |
| ~~44~~ | ~~1,889577~~ | ~~0,746832~~ |
| ~~45~~ | ~~1,958128~~ | ~~0,773920~~ |
| ~~46~~ | ~~2,029367~~ | ~~0,802070~~ |
| ~~47~~ | ~~2,103431~~ | ~~0,831336~~ |
| ~~48~~ | ~~2,180470~~ | ~~0,861778~~ |
| ~~49~~ | ~~2,260647~~ | ~~0,893458~~ |
| ~~50~~ | ~~2,344138~~ | ~~0,926447~~ |
| ~~51~~ | ~~2,431138~~ | ~~0,960822~~ |
| ~~52~~ | ~~2,521863~~ | ~~0,996667~~ |
| **~~Aldur~~** | **~~Tryggingadeild 2~~** | **~~Tryggingadeild 3~~** |
| ~~53~~ | ~~2,616550~~ | ~~1,034077~~ |
| ~~54~~ | ~~2,715463~~ | ~~1,073155~~ |
| ~~55~~ | ~~2,818897~~ | ~~1,114017~~ |
| ~~56~~ | ~~2,927182~~ | ~~1,156794~~ |

| | | |
|---|---|---|
| ~~57~~ | ~~3,040689~~ | ~~1,201632~~ |
| ~~58~~ | ~~3,159836~~ | ~~1,248696~~ |
| ~~59~~ | ~~3,285100~~ | ~~1,298172~~ |
| ~~60~~ | ~~3,417020~~ | ~~1,350275~~ |
| ~~61~~ | ~~3,556216~~ | ~~1,405247~~ |
| ~~62~~ | ~~3,703397~~ | ~~1,463369~~ |
| ~~63~~ | ~~3,859384~~ | ~~1,524962~~ |
| ~~64~~ | ~~4,025122~~ | ~~1,590401~~ |
| ~~65~~ | ~~4,201716~~ | ~~1,660118~~ |
| ~~66~~ | ~~4,390452~~ | ~~1,734622~~ |
| ~~67~~ | ~~4,592840~~ | ~~1,814505~~ |
| ~~68~~ | ~~4,810662~~ | ~~1,900468~~ |
| ~~69~~ | ~~5,046025~~ | ~~1,993342~~ |
| ~~70~~ | ~~5,301438~~ | ~~2,094113~~ |
| ~~71~~ | ~~5,579904~~ | ~~2,203962~~ |
| ~~72~~ | ~~5,885035~~ | ~~2,324310~~ |
| ~~73~~ | ~~6,221203~~ | ~~2,456876~~ |
| ~~74~~ | ~~6,593732~~ | ~~2,603753~~ |
| ~~75~~ | ~~7,009150~~ | ~~2,767508~~ |
| ~~76~~ | ~~á ekki við~~ | ~~2,951310~~ |
| ~~77~~ | ~~á ekki við~~ | ~~3,159103~~ |
| ~~78~~ | ~~á ekki við~~ | ~~3,395834~~ |
| ~~79~~ | ~~á ekki við~~ | ~~3,667770~~ |
| ~~80~~ | ~~á ekki við~~ | ~~3,982923~~ |

**Rökstuðningur**

Umræddar töflur voru notaðar þegar að réttindi voru færð úr Tryggingadeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina og Erfanlegu leiðina. Þær eru ekki notaðar lengur í rekstri sjóðsins. Til að einfalda samþykktir sjóðsins er lagt





til að töflurnar verði ekki lengur hluti af viðauka samþykkta sjóðsins en í staðinn aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

1. c.

Við breytingu á samþykktum 29. júní 2017 er felld niður heimild fyrir sjóðfélaga til að afla lágmarkstryggingaverndar með greiðslu lágmarksiðgjalds í Tryggingaleiðina. Greiðandi sjóðfélagar í Tryggingaleiðinni geta þó greitt í leiðina í að hámarki tvo mánuði eftir gildistöku breytinganna á meðan þeir fá frest til að velja hvort lágmarkstryggingaverndar er aflað í Frjálsu leiðinni eða Erfanlegu leiðinni. Iðgjöld sjóðfélaga sem ekki velja leið er ráðstafað í Frjálsu leiðina. Breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins sbr. gr. 22.

Sjóðfélagar sem hafa aflað réttinda með greiðslu iðgjalda í Tryggingaleiðinni halda áunnum réttindum sínum í leiðinni eftir að óheimilt er að greiða í hana og eiga því geymd réttindi í tryggingadeild. Réttindaávinnsla Tryggingaleiðar miðast við að ellilífeyrir sé greiddur út frá 67 ára aldri en heimilt er að flýta eða fresta töku lífeyris sbr. tafla T2.

**Rökstuðningur**

Ákvæðið skýrir framkvæmdina á breytingartillögum sem varða Tryggingaleiðina. Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

**Tafla T1**
**Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.7 og gr. 10 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins.**
**Réttindatöflurnar tóku gildi 1. júní 2014. Þær giltu um iðgjöld sem voru greidd eftir þann tíma, þ.m.t. um iðgjöld sem voru greidd vegna tímabila fyrir 1. júní 2014.**

Ellilífeyrisréttindi m.v. 10.000 kr. iðgjald til tryggingadeildar.

| | **Samtryggingarleið** | | |
|---|---|---|---|
| | **Erfanlega leiðin** | **Frjálsa leiðin** | ~~**Tryggingaleiðin**~~ |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% | ~~12%~~ |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 | ~~67~~ |
| 16 | 8.987 | 4.335 | ~~3.644~~ |
| 17 | 8.752 | 4.142 | ~~3.485~~ |
| 18 | 8.576 | 3.955 | ~~3.331~~ |
| 19 | 8.051 | 3.783 | ~~3.189~~ |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20 | 7.580 | 3.623 | ~~3.057~~ |
| 21 | 7.154 | 3.475 | ~~2.934~~ |
| 22 | 6.766 | 3.336 | ~~2.818~~ |
| 23 | 6.407 | 3.205 | ~~2.709~~ |
| 24 | 6.077 | 3.082 | ~~2.606~~ |
| 25 | 5.773 | 2.966 | ~~2.509~~ |
| 26 | 5.493 | 2.857 | ~~2.418~~ |
| 27 | 5.237 | 2.754 | ~~2.332~~ |
| 28 | 5.007 | 2.658 | ~~2.251~~ |
| 29 | 4.796 | 2.568 | ~~2.175~~ |
| 30 | 4.606 | 2.483 | ~~2.103~~ |
| 31 | 4.434 | 2.403 | ~~2.035~~ |
| 32 | 4.283 | 2.328 | ~~1.971~~ |
| 33 | 4.151 | 2.258 | ~~1.911~~ |
| 34 | 4.037 | 2.191 | ~~1.854~~ |
| 35 | 3.937 | 2.129 | ~~1.799~~ |
| 36 | 3.852 | 2.069 | ~~1.748~~ |
| 37 | 3.782 | 2.013 | ~~1.699~~ |
| 38 | 3.725 | 1.960 | ~~1.653~~ |
| 39 | 3.680 | 1.909 | ~~1.608~~ |
| 40 | 3.644 | 1.861 | ~~1.565~~ |
| 41 | 3.616 | 1.814 | ~~1.524~~ |
| 42 | 3.596 | 1.769 | ~~1.484~~ |
| 43 | 3.582 | 1.725 | ~~1.445~~ |
| 44 | 3.573 | 1.683 | ~~1.408~~ |
| 45 | 3.568 | 1.642 | ~~1.371~~ |
| 46 | 3.567 | 1.602 | ~~1.335~~ |
| 47 | 3.569 | 1.562 | ~~1.300~~ |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 48 | 3.575 | 1.524 | ~~1.266~~ |
| 49 | 3.585 | 1.486 | ~~1.233~~ |
| 50 | 3.601 | 1.449 | ~~1.200~~ |
| 51 | 3.622 | 1.413 | ~~1.168~~ |
| 52 | 3.652 | 1.379 | ~~1.137~~ |
| 53 | 3.692 | 1.345 | ~~1.107~~ |
| 54 | 3.745 | 1.312 | ~~1.078~~ |
| 55 | 3.814 | 1.280 | ~~1.049~~ |
| 56 | 3.901 | 1.250 | ~~1.022~~ |
| 57 | 4.011 | 1.221 | ~~995~~ |
| 58 | 4.146 | 1.193 | ~~969~~ |
| 59 | 4.307 | 1.166 | ~~944~~ |
| 60 | 4.500 | 1.141 | ~~920~~ |
| 61 | 4.720 | 1.116 | ~~897~~ |
| 62 | 4.964 | 1.092 | ~~874~~ |
| 63 | 5.225 | 1.068 | ~~851~~ |
| 64 | 5.493 | 1.045 | ~~828~~ |
| 65 | 5.589 | 1.013 | ~~800~~ |
| 66 | 5.503 | 974 | ~~767~~ |
| 67 | 5.390 | 935 | ~~935~~ |
| 68 | 5.243 | 895 | ~~895~~ |
| 69 | 5.062 | 854 | ~~854~~ |

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framarlega í skjalinu.

**Tafla T3**

**Endurgreiðslutafla skv. gr. 11.3 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins**

Taflan sýnir það hlutfall af iðgjöldum umfram hámark sbr. gr. 11.3 sem greiðist í frjálsa séreign.

| | Samtryggingarleið | | |
|---|---|---|---|
| | Erfanlega leiðin | Frjálsa leiðin | ~~Tryggingaleiðin~~ |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% | ~~12%~~ |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 | ~~67~~ |
| 16 | 0,0689 | 0,0279 | ~~0,0255~~ |
| 17 | 0,0938 | 0,0377 | ~~0,0345~~ |
| 18 | 0,1204 | 0,0483 | ~~0,0441~~ |
| 19 | 0,1446 | 0,0577 | ~~0,0527~~ |
| 20 | 0,1668 | 0,0663 | ~~0,0605~~ |
| 21 | 0,1875 | 0,0741 | ~~0,0676~~ |
| 22 | 0,2073 | 0,0812 | ~~0,0740~~ |
| 23 | 0,2262 | 0,0877 | ~~0,0798~~ |
| 24 | 0,2442 | 0,0936 | ~~0,0851~~ |
| 25 | 0,2612 | 0,0988 | ~~0,0898~~ |
| 26 | 0,2769 | 0,1034 | ~~0,0938~~ |
| 27 | 0,2910 | 0,1073 | ~~0,0973~~ |
| 28 | 0,3037 | 0,1106 | ~~0,1001~~ |
| 29 | 0,3152 | 0,1132 | ~~0,1024~~ |
| 30 | 0,3258 | 0,1154 | ~~0,1042~~ |
| 31 | 0,3349 | 0,1170 | ~~0,1056~~ |
| 32 | 0,3424 | 0,1180 | ~~0,1063~~ |
| 33 | 0,3485 | 0,1184 | ~~0,1066~~ |
| 34 | 0,3537 | 0,1185 | ~~0,1065~~ |
| 35 | 0,3580 | 0,1181 | ~~0,1061~~ |
| 36 | 0,3613 | 0,1174 | ~~0,1054~~ |
| 37 | 0,3635 | 0,1164 | ~~0,1043~~ |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 38 | 0,3650 | 0,1150 | ~~0,1030~~ |
| 39 | 0,3658 | 0,1135 | ~~0,1015~~ |
| 40 | 0,3662 | 0,1117 | ~~0,0999~~ |
| 41 | 0,3661 | 0,1099 | ~~0,0981~~ |
| 42 | 0,3657 | 0,1079 | ~~0,0962~~ |
| 43 | 0,3650 | 0,1058 | ~~0,0942~~ |
| 44 | 0,3642 | 0,1037 | ~~0,0923~~ |
| 45 | 0,3633 | 0,1016 | ~~0,0903~~ |
| 46 | 0,3623 | 0,0994 | ~~0,0883~~ |
| 47 | 0,3613 | 0,0973 | ~~0,0862~~ |
| 48 | 0,3602 | 0,0951 | ~~0,0842~~ |
| 49 | 0,3591 | 0,0929 | ~~0,0822~~ |
| 50 | 0,3578 | 0,0906 | ~~0,0801~~ |
| 51 | 0,3561 | 0,0883 | ~~0,0779~~ |
| 52 | 0,3538 | 0,0857 | ~~0,0755~~ |
| 53 | 0,3505 | 0,0829 | ~~0,0730~~ |
| 54 | 0,3459 | 0,0798 | ~~0,0701~~ |
| 55 | 0,3394 | 0,0763 | ~~0,0669~~ |
| 56 | 0,3305 | 0,0722 | ~~0,0632~~ |
| 57 | 0,3184 | 0,0675 | ~~0,0590~~ |
| 58 | 0,3022 | 0,0621 | ~~0,0542~~ |
| 59 | 0,2810 | 0,0559 | ~~0,0487~~ |
| 60 | 0,2538 | 0,0488 | ~~0,0424~~ |
| 61 | 0,2198 | 0,0408 | ~~0,0354~~ |
| 62 | 0,1780 | 0,0319 | ~~0,0276~~ |
| 63 | 0,1277 | 0,0221 | ~~0,0190~~ |
| 64 | 0,0685 | 0,0114 | ~~0,0098~~ |

**Rökstuðningur**

Sjá rökstuðning um Tryggingaleiðina framar í fundargerðinni.

Þá var opnað fyrir mælendaskrá, en enginn kvaddi sér hljóðs.

**Tillögurnar voru því næst bornar undir atkvæði, hver fyrir sig. Þær voru allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum af öllum þorra fundarmanna.**

## 8. Laun stjórnarmanna

Stjórn sjóðsins lagði til að laun stjórnarmanna yrðu hækkuð úr 150.000 kr. í 163.500 kr. en laun stjórnarformanns yrði tvöföld laun aðalmanna.

Jafnframt var lagt til að varamenn fengju helming mánaðarlauna stjórnarmanna fyrir hvern setinn fund en að árslaun yrðu að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun aðalmanna.

Engar móttillögur bárust og taldist tillaga stjórnar því samþykkt.

## 9. Önnur mál

Helga Sveinbjörnsdóttir kynnti nýjan sjóðfélagavef Frjálsa lífeyrissjóðsins sem mun fara í loftið á næstu vikum. Fyrirspurn:

**Margrét Sveinsdóttir** spurði: munu sjóðfélagar fá kynningu á sjóðfélagavefnum ? Helga sagði að sjóðfélagar myndu fá . sendan tölvupóst með myndbandi og Facebook yrði notað til að kynna hann. Jafnvel yrðu settir vefborðar á vefmiðlana svo fátt eitt væri nefnt.

Sjóðfélögum var boðið að tjá sig undir önnur mál.

**Birgir Örn Birgisson** framkvæmdastjóri Domino's. Hann sagði að sjóðinn hafa staðið sig mjög vel. sér í lagi framkvæmdastjóri og starfsfólk. Hann ræddi hversu mikilvægt væri að geta valið sér lífeyrissjóð og að sjóðfélagar gætu kosið sér stjórn í beinni kosningu. Birgir Örn taldi mikilvægt fyrir sjóðinn að breyta í takt við tíðaranda í þjóðfélaginu sem er að fólk fái að velja sér lífeyrissjóð og einnig þá að sama skapi stjórn sjóðsins og benti hann á mögulega hagsmunaárekstra sem gætu skapast ef Arion banki myndi áfram skipa stjórnarmenn í stjórn sjóðsins. Birgir Örn hvatti stjórn til að skoða þessi mál í tíma.

Fleira var ekki fyrir tekið þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins

frjalsi.is. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Sleit að svo búnu fundi kl.18:55

**Bjarni Þór Óskarsson**

**Fundarstjóri**

**Unnur Elín Jónsdóttir**

**Fundarritari**